

Dagskrá Iðunnar vorið 2022

Kvæðalagaæfingar eru haldnar í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og fundir í Tónskóla Sigursveins, Hraunbergi 2, 111 Rvík.

Söngvökur eru í Gröndalshúsi, Fischersundi, 101 Reykjavík.

Félagar eru hvattir til að taka þátt í starfsemi Iðunnar og taka með sér gesti.

Á þessari vorönn verða dagsetningar á fundum Iðunnar, kvæðalagaæfingum og söngvökum á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar – Gerðubergi

miðv. 5. jan. kl. 19:00

miðv. 2. feb. kl. 19:00

miðv. 2. mars kl. 19:00

miðv. 6. apr. kl. 19:00

miðv. 4. maí kl. 19:00

Fundir – Hraunbergi

föst. 7. jan. kl. 20:00

föst. 4. feb. kl. 20:00

föst. 4. mars kl. 20:00 aðalfundur

föst. 8. apr. kl. 20:00

föst. 6. maí kl. 20:00

Söngvaka – Gröndalshúsi

miðv. 19. jan. kl. 19:00

miðv. 16. feb. kl. 19:00

miðv. 16. mars kl. 19:00

miðv. 20. apr. kl. 19:00

miðv. 18. maí kl. 19:00

Landsmót kvæðamanna

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi mun halda landsmót kvæðamanna 22.–24. apríl 2022.

Iðunnarfélagar sem fá þetta fréttablað

sent heim eru hvattir til að senda Rósu Þorsteinsdóttur

tölvupóst á netfangið rosat@hi.is.

Þeim verður þá bætt á netfangalista félagsins og fá síðan tilkynningar um viðburði og aðrar fréttir sendar í tölvupósti.

GLEÐILEG JÓL!



FRÉTTABLAÐ IDUNNAR

139. tölublað – 42. árgangur
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Desember 2021
Ábm: Bára Grímsdóttir

Á aðventu

Mismunandi siðir hafa orðið til hjá fjölskyldum í aðdraganda jólaanna. Hjá mér er einn alveg ómissandi: Piparkökuhúsasmíði með barnabörnunum. Í fyrra var sami háttur hafður á, allir söfnuðust saman heima hjá afa og ömmu. Þar beið þeirra efnið í húsin ásamt fjölbreyttu sælgæti til þess að fylla húsin með að lokinni samsetningu og skreytingu. Talsverð spennu var í lofti. Eftirvæntingin skein úr litlum andlitum. Fyrst var málað á vegg, þök og skorsteina, en síðan voru húsin sett saman af þeim full-orðnu. Á meðan fengu börnin einhverja staðgóða næringu, því eftir var að mála á allar piparkökurnar. Að öllu þessu loknu voru það ánægð börn sem fóru heim með afrakstur dagsins. Heima hjá þeim var síðan fundinn einhver góður staður til að geyma listaverkin á fram að jólum, þar sem hægt væri að dást að þeim úr hæfilegri fjarlægð og láta sig hlakka til. Einn morguninn blasti við ófögur sjón hjá systkinunum á öðrum staðnum. Gáf-aða, góða tíkin þeirra hélt að nú væri röðin komin að henni að fá sér bita. Hún sá sér fína leið upp á bekkinn, þar gæti hún svo hæglega staðið á afturlöppunum og teygt sig í kræsingarnar. En hvað þetta var nú góð tilbreyting frá öllu þessu hráa heilsufæði, sem hún fékk alla daga. Og sælgæti innan í! Börnin voru skelfingu lostin. Allt og sumt sem eftir var af fallega jólahúsinu þeirra var útslefað smarties. Það var mikil sorg á heimilinu þennan morgun og tíkin ekki litin hýrum augum. Hún var hins vegar bara nokkuð ánægð. Ropaði ekki einu sinni, hvað þá meira. Kæru Iðunnarfélagar! Hugsum vel hvert um annað og dýrin. Látum ekki hugfallast þótt okkur virðist stundum að allt sé að fara í hundana. Jólakveðjur, Fanney J.

Kaupmenn nú fagnaðarboðskap út breiða
bjóðandi alls konar greiða
snarlega fjármuni fólksins þeir veiða
fimlega skynsemi eyða.

Halldóra Traustadóttir

Norðurljósa litatraf
liðast hægt um myrkravel,
lýsir himin, land og haf,
litkar hjarn og frosinn mel.

Rauðbleik merlar mánasigð
á myrkum sæ um þögla nótt.
Langt í fjarska bjarmar byggð,
borgarljósinn tindra rótt.

En yfir raflýst borgarból,
á bak við heimsins ljósadýrð,
ber sín helgu boð um jól
björt en þögul nætursól.

Við skörðum mána skín í kyrrð
skærum loga' úr órafirð,
er lúnum mönnum lýsti þrem
langan veg til Betlehem.

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

Kominn er nú enn á ný
Iðunnar á vöku.
Skáldu hérna yrki í
eina jólastöku.

Sveinar fornir fara á ról,
fargan draga pakka.
Bráðum koma blessuð jól.
Í börnum fer að hlakka.

Helgi Zimsen

Lífsstirni

Er vetri birtist nóttin ný
náði Guð að muna,
hátíðarljós að hengja í
himinhvelvinguna.

Fyllt er himinfestingin
fögru stjörnuletri.
Aðventunnar aftanskin
yljar sálartetri.

Magna stjörnur mildan óm
mánaskinsins hjarta.
Kyssa lífsins kærleiksbólóm
og kveikja von í hjarta.

Í myrkri fæðist neistanátt
nýjar stjörnur kvikna.
Hjá lífsstirni í austurátt
aðrar stjörnur blikna.

Þegar stjarnan stirnir á
styr í lífsins höllu
mýkist hjartans meinsemd hjá
mannkyninu öllu.

Gunnar J. Straumland

Ískalt loftið kyssir kinn
kyngir snjónum niður.
Gáttaþefur gægist inn,
gamall er sá siður.

Höskuldur Búi Jónsson

Dúkkar upp nú desember
dagar seint þá líða.
Í það tíminn allur fer
eftir jólum bíða.

Halldóra Traustadóttir

Ég jólaóskir alltaf finn
innst í mínu hjarta.
Er birtist ættarboginn minn
brosom hlýjum skarta.
Halldóra Traustadóttir

Öldin hver á eigin sið,
ýmislegt er fárið.
Jólafestu færðum við
fremst á nýja árið.
Helgi Zimsen

Hurðaskellir

Trylltur kom af tindi einn
tæpur var á geði.
Ærandi og súr var sveinn
sjaldan fannst þá gleði.

Eins og bjarg af fjalli féll
fúli sveinninn skrækur.
Er við heyrðum hurðaskell
hjartað sökk í brækur.

Sem ærsladraugur inn í bæ
oft snar lætin þóttu.
Inn í dal og út við sæ
æstur sveinn að nóttu.

Lævis var með geðið grátt
í gómnun jafnan smellti.
Ef hönd hann sá í hurðagátt
hljóp hann til og skellti.

En núna er hann hress og hlýr
hoppar yfir þúfu.
Trampar gólfið feitur fýr
fínn með rauða húfu.

Höskuldur Búi Jónsson

Kertasníkir

Seinastur úr skugga skreið
skrattinn Kertasníkir.
Börnin verða lostin, leið
á ljósinn naggur kíkir.

Í skammdeginu skín svo hjart
skíma kertaloga.
Sleikir út um, slef og nart
í slarki ljósinn toga.

Úr myrkri birtist mögur hönd
mætust ljósinn koðna.
Sést í neglur, sorgarrönd
og sviðna putta loðna.

Augun tóm af tólgarfíkn
tennur vilja snerta.
Físnir kvelja, fær smá líkn
af feitum tólgi kerta

En núna vinsæll vappar hjá,
væn er jólatörnin.
Bestar gjafir gefur þá
gleðjast litlu börnin.

Höskuldur Búi Jónsson

Minningin er mild og tær,
merla stjörnuljósinn.
Í barnsins auga blíð og skær
blikar jólarósinn.

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

Hulið sól og hauður fær
húmdökk njóla ríkir.
Himinsjóla hátíð skær
hugarbólíð mýkir.

Ingólfur Ómar